

Verkmenntaskólinn á Akureyri vinnur samkvæmt gæðastefnu sem mótuð er samkvæmt ISO 9001 staðli og hefur sett sér gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Mikilvægt er að starf innan skólans sé að grundvelli þessara gilda og að sífellt sé leitast við að mæta þeim kröfum sem samtíminn gerir til skólastarfs. Samhliða er horft til framtíðar og rýnt í þróun kennslu- náms- og starfshátta.

Gildi VMA eru fagmennska, fjölbreytni og virðing.

Fagmennska felur í sér:

- ábyrgð og traust
- að verk séu unnin heiðarlega og vinnubrögð séu gagnsæ
- að vinnubrögð einkennist af vandvirkni og að þau séu útfærð af sérstakri færni
- að vinnubrögð séu fumlaus og að markvisst sé unnið að útfærslu hvers verkefnis
- að sá sem tekur að sér verkefni sýni alúð í því hvernig hann sinnir því

Fjölbreytni felur í sér:

- að nemendur fái fjölbreytt viðfangsefni
- að kennsluhættir, námsframboð og námsmat sé fjölbreytilegt og mæti væntingum, hæfileikum, áhuga og þörfum
- fjölbreyttan nemendahóp hvað varðar aldur, búsetu, námslega stöðu og fjölskyldustöðu
- fjölbreyttan hóp starfsmanna með mismunandi reynslu og menntun

Virðing felur í sér að:

- allt starf einkennist af gagnkvæmri virðingu, umhyggju, umburðarlyndi og jafnrétti
- allir eigi jafna möguleika til þátttöku og áhrifa án tillits til félags- og efnahagslegrar stöðu, hæfni, reynslu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarafstöðu, kynþáttar eða þjóðernis
- leysa ágreining og geta sett sig í spor annarra
- fara að almennum skóla- og umgengnisreglum

Stefna um nám, kennslu og námsframboð

Stefna skólans er að hvetja nemendur til virkni og þátttöku í skólastarfinu og veita þeim tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt. Nemendahópurinn í VMA er fjölbreyttur og því er mikilvægt að komið sé til móts við ólíkar þarfir nemenda við þróun kennslu og kennsluhátta. Verkefni skólans er að undirbúa nemendur undir frekara nám á

háskólastigi og/eða sérhæfð störf. Það gerir VMA með því bjóða uppá fjölbreyttar námsleiðir í starfs- og iðnnámi og til stúdentsprófs. Allar námsbrautir skulu vera í samræmi við gildandi lög um framhaldsskóla. Kennarar skólans tileinki sér fjölbreyttar námsmatsaðferðir og leiti sífellt nýrra leiða til að þróa kennslu og námsmat. Leiðsagnarmat verði leiðandi í námsmati og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.

Markmið:

- Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu
- Bætt ástundun nemenda og minnkandi hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi
- Nemendur séu ánægðir í skólanum
- Nemendur telja námið undirbúa þá vel undir frekara nám eða störf
- Hlutfall lokaprófa sé haldið í lágmarki

Mælipunktur:

- Meðaleinkunn nemenda sé 6,5 eða hærra
 - Upplýsingar úr Innu
- Hlutfall nemenda sem ekki ná lágmarksárangri í áfanga sé 10% eða lægra
 - Upplýsingar úr Innu
- Mætingarhlutfall nemenda sé 90% eða hærra
 - Upplýsingar úr Innu
- Brottfall nemenda sé 9% eða lægra
 - Upplýsingar úr Innu
- Lágmark 85% nemenda séu ánægðir með kennslu í áfanga
 - Upplýsingar úr kennslu- og áfangamati
- Lágmark 90% nemenda telji að VMA undirbúi þá vel fyrir frekara nám eða starf.
 - Upplýsingar úr þjónustukönnun
- Hlutfall áfanga sem lýkur með lokaprófi fari minnkandi milli anna.
 - Námsáætlun

Stefna um starfs- og námsánægju

Stefna skólans er að nemendum og starfsfólki líði vel og séu ánægð með náms- og starfsumhverfi sitt. Viðhaldi jafnrétti og jöfnum tækifærum allra sem starfa í skólanum og greidd séu jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni. Starfs- og námsánægja byggir á og endurspeglar meginstefnur skólans og gildi hans. Mælingar fara fram á hverju ári í gegnum Stofnun ársins og annað hvert ár í þjónustukönnun á meðal nemenda. Launagreining er gerð einu sinni á ári.

Markmið:

- Starfsfólki líði vel og séu ánægðir í starfi sínu í VMA
- Boðið er upp á fræðslu fyrir starfsfólk
- Starfsaðstæður nemenda og starfsfólks séu í samræmi við væntingar og kröfur sem gerðar eru til starfsumhverfis skólans
- Nemendum líði vel í skólanum
- Skólinn leggi áherslu á félagslíf nemenda og eflingu skólabrags

Mælipunktur:

- Að niðurstöður úr könnuninni - Stofnun ársins, varðandi ánægju í starfi sé, við eða yfir meðaltali, miðað við aðra framhalds- og háskóla.
 - Upplýsingar úr Stofnun ársins
- Að útskýrður launamunur sé ekki til staðar í launagreiningu VMA (innan við 3%) og að skólinn starfi samkvæmt Jafnlaunastaðli ÍST85:2012.
 - Upplýsingar úr árlegri launagreiningu
- Að niðurstöður úr könnuninni - Stofnun ársins við spurningum um aðbúnað á vinnustaðnum sé, við eða yfir meðaltali, niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla.
 - Upplýsingar úr Stofnun ársins
- Að 90% nemenda svari næstum alltaf eða oftast við spurningunni “í skólanum líður mér vel.”
 - Upplýsingar úr þjónustukönnun
- Að 85% nemenda svari frekar sammála eða mjög sammála við fullyrðingunni: “Ég er ánægð(ur) með aðstöðu og búnað til náms í áfanganum.”
 - Upplýsingar úr kennslu- og áfangamati
- Á hverri önn sé boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk
 - Fjöldi námskeiða/fræðslu á skólaári sbr. endurmenntunaráætlun skólans

Rekstur, húsnæði og skipulag

Lögð er áhersla á að nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði er haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis. Einnig með góðri nýtingu í námshópum.

Markmið:

- Rekstur skólans sé í samræmi við fjárheimildir ársins og innan skekkjumarka rekstaráætlunnar
- Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni

Gildi, markmið og stefna

- Starfsmannahald sé innan rekstrarheimilda og mannauður sé í samræmi við kröfur um menntun og hæfni
- Skólinn starfi eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO9001
- Skólinn starfi eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012

Mælipunktur:

- Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans verði undir 10%
- Meðalnýting á námshópum verði yfir 90%
- Rekstur skólans sé í samræmi við fjárheimildir
- Innri úttektir og ytri úttektir á vélstjórn, séu gerðar á gæðakerfinu samkvæmt ISO9001 og ÍST 85:2012